

Á lista yfir starfstöðvar í **Uruguay** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
FV-01	Dorita (Dalvasur sa)	MONTEVIDEO	ZV
FV-27	Isla Gorriti (Plestin S.A)	MONTEVIDEO	FV
FV-28	Holberg (Fripur S.A)	MONTEVIDEO	FV
FV-30	Ivan Dvorsky (Nika S.A)	MONTEVIDEO	FV

Flokkur I-II

Eftirtalin ríki bætast við lista yfir ríki sem ekki hefur verið tekin sérstök ákvörðun um að fullnægi heilbrigðiskröfum Evrópusambandsins við framleiðslu sjávarafurða og annarra afurða samkvæmt tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins 91/493/EBE:

Búlgaría

Eftirtalin ríki falla af lista yfir ríki sem ekki hefur verið tekin sérstök ákvörðun um að fullnægi heilbrigðiskröfum Evrópusambandsins við framleiðslu sjávarafurða og annarra afurða samkvæmt tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins 91/493/EBE:

Panama

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. ágúst 1999.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Guðrún M. Eysteinsdóttir.

25. ágúst 1999

Nr. 583

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Djúpárhrepps 1998-2010.

Með vísan til 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 25. ágúst 1999 staðfest aðalskipulag Djúpárhrepps 1998 - 2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Djúpárhrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.